

Fjallabyggð



Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10, 101 Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is

Fjallabyggð 23.11.2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um öruggt farsímasamband á þjóðvegum.

Þingskjal 46. 153. löggjafarþing 2022–2023.

Fyrir hönd Fjallabyggðar fagna ég því að þingsályktunartillaga um öruggt farsímasamband á þjóðvegum landsins sé komin fram og tel afar mikilvægt fyrir alla vegfarendur að geta gengið að því vísu.

Hér á landi skipast oft skjótt veður í lofti og færð getur verið fljót að spillast. Þá geta náttúruöflin minnt á sig með eldsumbrotum, jarðhræringum, snjóflóðum og aurskriðum. Sly og umferðaróhöpp gera ekki boð á undan sér og hver mínúta getur skipt máli varðandi aðkomu viðbragðsaðila. Við fyrrgreindar aðstæður er gríðarlega mikilvægt að vegfarendur geti reitt sig á öruggt farsímasamband.

Samhliða traustum samgönguinnviðum þarf að tengja landið með traustum samskiptaleiðum. Hér í Fjallabyggð búa vegfarendur við afar ótraust og slitrótt farsímasamband, sérstaklega þegar farið er um þau veggöng sem eru sitthvorum megin við byggðarlagið þ.e. Strákagöng og Múlagöng og eins er farið er um Héðinsfjarðargöng sem liggja á milli byggðakjarnanna í Fjallabyggð, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Þá má nefna að farsímasamband er heldur ekki gott í Ólafsfjarðarmúla, né í Almeningum en báðir þessir vegkaflar eru oft á tíðum erfiðir yfirferðar sökum snjóþyngsla á vetrum og vegna grjóthruns á sumrin og því nauðsynlegt að vegfarendur séu í góðu símasambandi sé horft til öryggissjónarmiða.

Ég tek undir sjónarmið og áherslur Jakobs Frímanns Magnússonar og annarra flutningsmanna þingsályktunartillögunnar um öruggt farsímasamband á þjóðvegum og er fylgjandi því að háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra sé falið að tryggja örugga farsímanetsþjónustu á þjóðvegum landsins. Eins að við endurnýjun og úthlutun tíðniréttinda verði sérstaklega hugað að þessum málum þegar kemur að samningum við fjarskiptafyrirtæki.

Virðingarfyllst;

Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar


Fjallabyggð
Bæjarstjóri